



## Efni: Umsögn Akureyrarþingar um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

Akureyrarþing gerir athugasemdir við eftirfarandi í drögum um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038:

### FLUG

Eitt mikilvægasta verkefni í samgöngum um árabíl á Norðurlandi er uppbygging Akureyrarflugvallar. Akureyrarflugvöllur er önnur gátt inn í landið og þannig er hægt að dreifa álagi ferðamanna um landið og byggja upp arðbæra ferðaþjónustu um allt land. Í þessu sambandi leggur bæjarstjórn Akureyrarþingar áherslu á eftirfarandi:

- Flýta þarf uppbyggingu Akureyrarflugvallar eins og kostur er.
- Jafna þarf verð á flugvélaeldsneyti milli flugvalla þannig að allir sitji við sama borð.
- Huga verður að hjóð- og loftmengum.
- Þá er mikilvægt að uppbygging aðflugsferla (RNP, AR og A-RNP) við Akureyrarflugvöll verði sett inn í áætlunina.
- Hafa þarf í huga við hönnun á Akureyrarflugvelli að aðgengi fyrir almenningsvagna sé sem best.

Akureyrarflugvöllur gegnir enn fremur mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur, miðstöð sjúkraflugs og tenging við smærri byggðir á norðausturhorninu.

- Halda þarf áfram að viðhalda Grímseyjarflugvelli sem er gríðarlega mikilvægur bæði fyrir íbúa eyjarinnar og ferðamenn.
- Bæjarstjórn Akureyrarþingar ítrekar enn og aftur mikilvægi þess að rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar verði tryggt á meðan annar jafn góður eða betri kostur er ekki fyrir hendi.
- Mikilvægt er að mæta þörfum flugrekenda á varaflugvöllum til að tryggja öryggi í samgöngum.
- Tilkoma Loftbrúarinnar er mikið jafnræðismál fyrir landsbyggðina og hefur tekist vel. Festa þarf verkefnið og jjármögnun þess kyffilega í sessi. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á landsbyggðinni.

## FERJUR OG ORKUSKIPTI

Tvær af fjórum ferjum við Ísland sigla innan sveitarfélagsins Akureyrarbæjar, þ.e. til Hríseyjar og Grímseyjar. Báðar eru orðnar gamlar og viðhaldsfrekar. Það skiptir höfuðmáli fyrir íbúa eyjanna að hafa tryggar samgöngur sem má alltaf treysta. Í samgönguáætlun hefur fram til þessa of lítil áhersla verið lögð á ferjusiglingar við landið og engri áætlun er til að dreifa um endurnýjun á skipakosti eða næstu skrefum í orkuskiptum í ferjum.

- *Bæjarstjórn Akureyrarbæjar ítrekar enn og aftur nauðsyn þess að ferjurnar til Grímseyjar og Hríseyjar verði endurnýjaðar sem fyrst og að tækifærið verði þá nýtt og hugað að orkuskiptum.*
- *Til þess að almenningsamgöngur til Hríseyjar og Grímseyjar virki sem skyldi er nauðsynlegt að samþætta leiðarkerfi milli ferju og almenningsvagna þannig að þjónustan sé heildstæð en slíku er ekki til að dreifa í dag.*

Ef markmið um orkuskipti eiga að nást verða yfirvöld að koma að því að efla net hleðslustöðva um allt land og styðja sveitarfélögin við uppbyggingu hleðsluinnviða í höfnum landsins. Verkefnið er gríðarlega kostnaðarsamt og vandséð að hafnirnar geti staðið undir þeirri fjárfestingu án stuðnings ríkisins. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar leggur áherslu á að ríkisvaldið styðji við þessa uppbyggingu.

Í lið 4.8. í aðgerðaráætlun samgönguáætlunar er rætt um að hefja sjálfbæra lífólíuframléiðslu hér á landi til að flýta orkuskiptum fiskiskipa. Rétt er að vekja athygli á því að á Akureyri hefur lífólíuframléiðsla lengi verið stunduð.

## VEGSAMGÖNGUR

Miklu máli skiptir að leggja sérstaka áherslu á styttingu leiða milli Norður- og Suðurlands, sem skiptir miklu máli í byggðaþróun íslensku þjóðarinnar og er gríðarlega verðmætt fyrir íslenskt atvinnulíf og mikilvægt með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Akureyrarbær gerir athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir frekara fjármagni til endurbyggingar og styttingar á þjóðvegi 1. Ljóst er að ástand þjóðveggar 1 milli Norður- og Suðurlands er víða stórhættulegt. Vegurinn er á mörgum stöðum allt of mjór og umferðaröryggi því ekki tryggt. Löngu er kominn tími til að gera gangskör í viðhaldi þjóðvega um Norðurland enda er umferðarþungi á þessari leið mjög mikill, sérstaklega í

ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna. Ekki þarf síður að huga að umferðaröryggi, merkingum og vegriðum til þess að auka öryggi vegfarenda.

Bæjarstjórn Akureyrar leggur áherslu á að Kjalvegur verði byggður upp þannig að hægt verði að nota hann a.m.k. 7 mánuði á ári, eða jafnvel sem heilsársveg. Í dag fara um 90% allra ferðamanna um Suðurland en með tengingu um Kjalveg væri hægt að komast frá Gullfossi til Akureyrar á 2,5 klst. og þar með dreifa álagi á ferðamannastaði allt í kringum landið, sem gerir okkur kleift að halda áfram að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar í sátt við íbúa landsins.

Þá skýtur það verulega skökku við að í samgönguáætlun er talað um eflingu vetrarþjónustu en á sama tíma er gert ráð fyrir samdrætti í fjárframlögum. Í þessu samhengi ber að hafa eftirfarandi í huga:

- *Frá Eyjajjarðarsvæðinu er flutt mikið magn afurða sem þarf á markað syðra og erlendis. Afhendingaröryggi skiptir þar öllu og þess vegna griðarlega mikilvægt að snjómokstur sé ávallt tryggður.*
- *Fyrir uppbyggingu á vetrarferðaþjónustu er mikilvægt að hægt sé að ganga að því vísu að vegir á vinsælum ferðamannastöðum séu mokaðir, s.s. Dettifossvegur.*

Nauðsynlegt er að klára vegi sem skilgreindir eru sem þjóðvegir í þéttbýli líkt og Tryggvabraut á Akureyri og huga verður betur að loftgæðum, umferðaröryggi og hljóðvist.

## JARÐGÖNG

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar telur mikilvægt að göng komi í stað þjóðvegar yfir Öxnadalshéiði. Þá styður bæjarstjórn málefnaleg sjónarmið sveitarstjórnar Fjallabyggðar um mikilvægi þess að göng milli Siglufjarðar og Fljóta komist í framkvæmdaröð sem allra fyrst, enda nauðsynlegt að öryggi vegfarenda sé í fyrirrúmi. Hins vegar er ljóst að öryggi vegafarenda er einnig ógnað milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar og mikilvægt að göng þar á milli komist á framkvæmdaáætlun, sem og að á meðan beðið er eftir þeirri framkvæmd verði horft til úrbóta vegna snjóflóðahættu á svæðinu, en óvissustig vegna snjóflóðahættu er á svæðinu allt of stóran hluta vetrar. Eigi íbúar að geta nýtt svæðisbundna þjónustu á Akureyri og eigi að tryggja að um eitt atvinnusvæði sé að ræða, er mikilvægt að horfa til úrbóta hið fyrsta.

## NÁTTÚRUVÁ

Mikil sjávarflóð á Akureyri í september á síðasta árið sýna nauðsyn þess að bæta flóðavarnir og vöktunar- og viðvörðunarkerfi vegna áhrifa loftlagsbreytingar. Enn fremur er þörf á auknu fjármagni í sjóvarnir í þessu ljósi.

Að öðru leyti gerir Akureyrarbær ekki athugasemd við framlagða Samgönguáætlun 2024-2038.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

The image shows a handwritten signature in blue ink over a circular official seal. The seal features a central emblem and the text 'BÆJARSTJÓRINN AKUREYRI' around the perimeter.

---

Ásthildur Sturludóttir,  
bæjarstjóri á Akureyri